

Fundargerð 43. fundar

stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

Árið 2020, fimmtudaginn 26. nóvember kl. 10:00 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Ása Valdís Árnadóttir, Arnór Benónýsson, Árni Eiríksson, Díana Hilmarsdóttir, Einar Kristján Jónsson, Grétar Ingi Erlendsson, Kolbrún Ada Gunnarsdóttir, Skarphéðinn Orri Björnsson og Stefán Bogi Sveinsson.

Ásta Berghildur Ólafsdóttir boðaði forföll og mætti ekki. Gunnþórunn Ingólfsdóttir boðaði ekki forföll og mætti ekki á fundinn.

Að auki sat fundinn: Valgerður Freyja Ágústsdóttir sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Kosning í embætti stjórnar 2020-2022 - 2011001SO

Formaður gerir tillögu um að stjórn kjósi varaformann og gjaldkera og að starfsmaður samtakanna sinni verkefnum ritara.

Lagt var til að varaformaður samtakanna 2020-2022 verði Einar Kristján Jónsson. Tillagan var samþykkt.

Lagt var til að gjaldkeri samtakanna verði Grétar Ingi Erlendsson. Tillagan var samþykkt.

Lagt var til að starfsmaður samtakanna sinni verkefnum ritara. Var það samþykkt.

2. Fundargerð aðalfundar 2020 - 2009002SO

Fundargerð aðalfundar Samtaka orkusveitarfélaga lögð fyrir stjórn til kynningar. Fundargerð ritaði Valgerður Ágústsdóttir, starfsmaður samtakanna.

Fundargerðin var lögð fram til kynningar og staðfest af stjórn. Starfsmaður sendir hana svo á aðildarsveitarfélög og birtir á heimasíðu.

3. Stefnumörkun Samtaka orkusveitarfélaga - 2011002SO

Gildandi stefnumörkun stjórnar lögð fram til kynningar og endurskoðunar.

Endurskoða þarf þann hluta stefnumörkunar samtakanna er snýr að aðgerðum. Vekja þarf meiri athygli á samtökunum og hagsmunum þeirra t.d. með greinaskrifum.

Áhersla á að stefnumörkun sé lifandi plagg. Umræða um að bæta megi við framkvæmdaáætlun.

Formaður og starfsmaður vinna drög að þeim hluta stefnumörkunar er snýr að aðgerðum og kynna fyrir stjórn.

4. Fundaáætlun stjórnar - 2011001SO

Fjallað verður um fundaáætlun stjórnar.

Ákveðið að senda út fundaáætlun og setja fund síðasta föstudag kl. 11:00 í janúar,

febrúar, mars og maí.

Jafnframt samþykkt að halda staðfund þegar hægt verður.

5. Reglur um stjórnarfund og þóknun stjórnarfólks. - 2011001SO

Formaður leggur fram til afgreiðslu fjórar tillögur að reglum um stjórnarfund og þóknun til stjórnarfólks. Reglurnar eru samhljóða reglum fráfarandi stjórnar.

Allar fjórar tillögurnar lagðar fyrir stjórn og voru allar samþykktar.

6. Starfshópur um skattlagningu orkumannvirkja - 2011003SO

Stefán Bogi Sveinsson greinir frá sameiginlegu álitum samtakanna og Sambands íslenskra sveitarfélaga sem skilað var inn vegna vinnu starfshóps sem falið var að finna leiðir til skattlagningar á mannvirki til að framleiða og flytja raforku.

Stefán Bogi Sveinsson greindi frá lokum vinnu í starfshópnum. Samtökin og Samband íslenskra sveitarfélaga sendu inn sameiginlegt álit til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins. Formaður starfshópsins mun útbúa lokaskýrslu með álitum allra aðila er sátu í hópnum sem skilað verður til ráðherra.

Í álitum sambandsins og samtakanna kemur m.a. fram sú ábending að mögulega brjóti undanþága orkufyrirtækja frá skattlagningu í bága við ríkisstyrkjareglur EES.

Rætt um næstu skref samtakanna og að samtökin móti eigin tillögu að lagabreytingum sem og að sækja meiri þekkingu í málaflokknum til Noregs.

Kolbrún Ada Gunnarsdóttir og Árni Eiríksson véku af fundi kl. 10:55.

7. Önnur mál - 2011004SO

Kvörtun til ESA vegna undanþágu orkufyrirtækja frá skattlagningu.

Formanni og Stefáni Boga Sveinssyni falið að skoða málið áfram í samstarfi við starfsfólk sambandsins.

Fundi var slitið kl. 11:05

Ása Valdís Árnadóttir

Arnór Benónýsson

Árni Eiríksson

Díana Hilmarsdóttir

Einar Kristján Jónsson

Grétar Ingi Erlendsson

Kolbrún Ada Gunnarsdóttir

Skarphéðinn Orri Björnsson

Stefán Bogi Sveinsson